

af. Að hann var einu sinni í 1100°C heitu eldhrauni. Það gekk oft mikið á. Síðan lenti hann oft undir þungu fargi jökla ísaldar. Stundum var hlíðin hans viði vaxin. Það er margs að minnast.

Hvorki ég né Þuríður, kona Hjartar, minna hann á hunangsflugur. Hvernig getur hann þá hafa orðið til við býkúpuveðrun (*Honeycomb weathering*)? Á Seyðisfirði er frægur stakur steinn, Dvergasteinn. Hann er meira að segja til á póstkorti. Sjálfur er steinninn hluti af heilli skriðu með holusteinum, dvergar hefðu átt fullt í fangi með að meitla allar þær holar. Það komu meira að segja enn fleiri holusteinir í ljós í skriðunni þegar vegurinn var breikkaður á síðasta áratug. Þá vorum við hrædd, ég og steinninn, en hann stóðst áfallið og rauða skánin í veginum var ekki blóð heldur úr jarðlagi sem skolaðist fljótlega af veginum. Hann veit að hann á marga frændur á Vestfjörðum og einn þeirra var stærri og mikilfenglegri en hann sjálfur. Þetta var steinn í fjörinni við Hnífsdalsveg og fékk hann oft gesti sem borðuðu nestið sitt í og við steinninn. Hann átti meira að segja nafn: Urtusteinn. Hann man vel urtuna, það er fögur minning. Hann fékk mynd af sér í stórrí bók (*Saga Ísafjarðar*, 1. bindi, bls. 16) og á netinu. Steininn okkar hryllti við því að sæta örlögum Urtusteins, að verða vegfylling. Hann hefur hins vegar meira gaman af því að heilsað sé upp á hann en þotið framhjá í bíl.

## Frá Lyfjastofnun og Frumtökum

# Samkomulag um notkun merkis um fræðsluefni



**Helga Þórisdóttir**  
settur forstjóri  
Lyfjastofnunar



**Jakob Falur Garðarsson**  
framkvæmdastjóri  
Frumtaka

Lyfjastofnun og Frumtök hafa gert með sér samkomulag um notkun merkis fyrir fræðsluefni, sem er forsenda markaðsleyfis ákveðinna lyfja, og fyrir aðrar mikilvægar öryggisupplýsingar. Merkið auðkennir póst til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna þegar um er að ræða efni sem dreift er að kröfu eða með sérstöku samþykki Lyfjastofnunar. Eftir því sem við á verður merkið einnig notað í tölvupóstum og símbrefum.

Efnið er annars vegar fræðsluefni sem markaðsleyfishafa er skylt að útbúa samkvæmt skilyrðum í markaðsleyfi lyfs og varðar mikilvæg atriði um öryggi lyfja, og hins vegar bréf til heilbrigðisstarfsmanna (*Direct Healthcare Professional Communication; DHPC*).

Markaðsleyfishafar sem eiga aðild að þessu samkomulagi skuldbinda sig til að

nota merkið ávallt til að auðkenna framangreint efni og einungis það. Óheimilt er að nota merkið fyrir auglýsingaefni markaðsleyfishafa.

Læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum ber að kynna sér fræðsluefnið!

### Almennt um öryggisupplýsingar vegna lyfja

Þegar gefið er út markaðsleyfi fyrir lyf er það oft háð skilyrðum. Skilyrðin eru gjarnan þau að markaðsleyfishafi skuli senda skilgreint fræðsluefni til lækna sem mega ávísa lyfinu og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Lyfjastofnun yfirfer efnið áður en því er dreift.

Tilgangur fræðsluefnisins er aðeins einn, að stuðla að öruggri notkun lyfs. Fræðsluefnið er ekki auglýsingaefni. Það skal sett skýrt fram og ekkert annað má vera í efninu en mikilvægar öryggisupplýsingar.

Markmiðið er að tryggja öryggi sjúklinga.

Þegar fram koma nýjar upplýsingar sem varða miklu um öryggi við notkun lyfja sem eru á markaði getur Lyfjastofnun krafist þess að markaðsleyfishafi sendi heilbrigðisstarfsmönnum

bréf þar að lútandi. Bréfinu er ætlað að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum um öryggi við notkun lyfsins. Áður en slíkt bréf fer í dreifingu þarf að hafa fengið samþykki Lyfjastofnunar.

